

SAMÞYKKT

um hundahald í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Suðureyrarhreppi, nema á lögbýlum.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. gr., um bann við hundahaldi, í eftirtöldum tilvikum:

- a) Þegar lögregluþyriföld sækja um leyfi til að halda hund vegna löggæslustarfa.
- b) Þegar blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
- c) Þegar sótt er um leyfi til að halda hund fyrir fólk með sálræn vandamál, en þá skal liggja fyrir umsögn læknis og félagsráðgjafa.
- d) Þegar sótt er um leyfi fyrir minkahunda.

3. gr.

Peim, sem fá leyfi skv. 2. gr., ber að hlíta eftirfarandi skilyrðum:

- a) Skrá skal hund á skrifstofu hreppsins.
- b) Greiða skal skráningargjald, sem sveitarstjórn ákveður í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.
- c) Ábyrgðartryggja skal hunda hjá viðurkenndu tryggingafélagi og leggja fram skírteini því til sönnunar við skráningu.
- d) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í samkomuhús, skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hunda varða, þ. á m. reglum um hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum heilbrigðisnefndar.
- f) Skylt er að færa sönnur á að ábyrgðartrygging sé í gildi, hvenær sem slíks er krafist af sveitarstjórn.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum og geta leitt til leyfissviptingar. Um brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII. kafla.

5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1983.

F.h.r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.